

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Kæra sveitarstjórnarfólk,

Til hamingju með kjörið í sveitarstjórn. Með þessu kynningarbréfi vill stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vekja athygli ykkar á að sveitarfélagið ykkar er aðili að samtökunum. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga sem hafa mikla beina hagsmuni af sjávarútvegi, veiðum, vinnslu og lagareldi. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar og áhrifum sjávarútvegs á byggðir, atvinnulíf, innviði og tekjur sveitarfélaga.

Samtökin voru stofnuð 26. september 2012. Markmiðið með stofnun samtakanna var að skapa öflugan sameiginlegan vettvang til sóknar og varnar fyrir sjávarútvegssamfélög landsins.

Sterkari rödd sveitarfélaga í sjávarútvegsmálum

Málefni sjávarútvegs, lagareldis, hafna og nýtingar sjávarauðlindarinnar snerta beint hagsmuni margra sveitarfélaga. Þau hafa áhrif á atvinnu, tekjur, innviði, byggðapróun, þjónustu og framtíð samfélaga víða um land. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga veita aðildarsveitarfélögum sameiginlegan vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, miðla reynslu og vinna saman að hagsmunum sjávarbyggða.

Nánari upplýsingar má finna á www.sjavarutvegssveitarfelog.is





Samtökin leggja áherslu á að ákvarðanir stjórnvalda um sjávarútveg, veiðigjöld, fiskeldi, hafnir og byggðamál taki mið af raunverulegum áhrifum á sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf og byggðapróun. Stjórn mun leggja til á næsta aðalfundi að samþykktir samtakanna verði endurskoðaðar með það að markmiði að þær nái utan um lagareldi í heild sinni, en takmarkist ekki við sjókvíaeldi. Með því verði tryggt að starfsemi og hlutverk samtakanna endurspegli betur þróun atvinnugreinarinnar og hagsmuni sveitarfélaga á þessu sviði.

Tilgangur samtakanna:

Samkvæmt samþykktum samtakanna er tilgangur þeirra meðal annars að:

- standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í málum sem tengjast nýtingu auðlinda í veiðum, sjókvíaeldi og vinnslu,
- vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, meðal annars við gerð laga og reglugerða sem varða sjávarútveg og sjókvíaeldi,
- stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem tengjast sjávarútvegi og sjávarbyggðum,
- taka þátt í mótun reglna um gjalddöku vegna nýtingar sjávarauðlindarinnar og skiptingu gjalda milli ríkis og sveitarfélaga,
- miðla upplýsingum og reynslu milli aðildarsveitarfélaga.

Stjórn samtakanna 2024—2026

Í aðalstjórn sitja:

- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabæ, formaður
- Sigfús Ingi Sigfússon, Skagafirði, varaformaður
- Fannar Jónasson, Grindavíkurbæ, gjaldkeri
- Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
- Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð

Í varastjórn sitja:

- Sigurjón Andrésson, Sveitarfélaginu Hornafirði
- Heimir Örn Árnason, Akureyrarbæ
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Dalvíkurbyggð

Starfsmaður samtakanna er Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Samtökin halda aðalfund annað hvert ár, á sléttum ártölum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og þar er meðal annars fjallað um skýrslu stjórnar, ársreikninga, starfs- og fjárhagsáætlun, árgjöld, lagabreytingar og kosningu stjórnar.

Næsti aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga verður haldinn miðvikudaginn 7. október 2026 kl. 13:00. Á fundinum verður kosin ný stjórn samtakanna fyrir kjörtímabilið 2026-2028. Nánari upplýsingar um aðalfund verða send aðildarsveitarfélögum í haust.

Á þeim árum sem ekki er haldinn aðalfundur er haldinn sjávarútvegsfundur. Sjávarútvegsfundur er opinn kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsfólk, stjórnendur og kjörna fulltrúa aðildarsveitarfélaga, auk annarra sem láta sig málefni sjávarútvegs og sjávarbyggða varða.

Aðildarsveitarfélög:

Aðildarsveitarfélög Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga eru 26 talsins og ná til sjávarbyggða um land allt. Þau eru:

Akranesbær, Akureyrarkaupstaður, Bolungarvíkurkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Grindavíkurbær, Grundarfjarðarbær, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Ísafjarðarbær, Langanesbyggð, Múlaþing, Norðurþing, Suðurnesjabær, Snæfellsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Sveitarfélagið Stykkishólmur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Skagafjörður, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Ölfus, Vestmannaeyjabær, Vesturbyggð og Vopnafjarðarhreppur.